

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 23. maí 2024 í máli nr. 139/2023

Kærunefndina skipa í þessu máli lögmenirnir Hildur Leifsdóttir, Hildur Ýr Viðarsdóttir og Jón Rúnar Pálsson.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 29. desember 2023 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, („kvörtun“), frá X („sóknaraðili“), vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y („varnaraðili“).

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir viðgerð vegna tjóns sem varð á bifreið sem sóknaraðili leigði af varnaraðila. Sóknaraðili krefst þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum hluta af þeirri greiðslu sem innt var af hendi vegna tjónsins.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 22. janúar 2024, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Boðið var ítrekað með ábyrgðarbréfi þann 3. maí 2024, sem móttækið var f.h. varnaraðila 7. sama mánaðar. Nefndinni bárust ekki andsvör frá varnaraðila.

Framlögð gögn í málinu eru, auk kvörtunar, afrit af leigusamningi aðila, kvittun fyrir greiðslu að fjárhæð 280.320 krónur vegna tjóns, ljósmyndir af hinni leigðu bifreið, skjáskot af vefsíðu varnaraðila vegna bifreiðarinnar, afrit af umboði sóknaraðila til Center for European Consumer Protection, dags. 18. júlí 2022, skilmálar varnaraðila, afrit af skriflegum samskiptum aðila og bókunarstaðfesting.

Með bréfi, dags. 22. maí 2024, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og að kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Sóknaraðili leigði bifreið, af gerðinni [...], af varnaraðila frá 18. til 25. júní 2022. Greiddi sóknaraðili 3.071 evrur fyrir leiguna. Í kvörtun kemur fram að á meðan leigutímanum stóð hafi bifreiðin orðið fyrir tjóni þegar sóknaraðili bakkaði henni á fyrirstöðu á vegi í miðbæ Reykjavíkur. Samkvæmt gögnum máls varð bifreiðin fyrir tjóni hægra megin á afturstuðara hennar. Við skil á bifreiðinni var sóknaraðila gert að greiða áætlaðan viðgerðarkostnað að fjárhæð 280.320 krónur sem hann gerði á staðnum.

Sóknaraðili vísar til þess að hafa verið nauðbeygður að greiða umkrafða fjárhæð enda hafi hann verið á leið í flug í kjölfar skila á leigubifreiðinni. Eftir heimkomu sína kveðst sóknaraðili hafa óskað eftir því við varnaraðila að hann legði fram kostnaðarmat á viðgerðinni. Hafi varnaraðili ekki orðið við því. Hafi sóknaraðili þá leitað til evrópsku neytendaaðstoðarinnar vegna málsins. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili veitt samtökunum þær upplýsingar að hann væri sá eini sem annaðist viðgerðar á bifreiðum af þessari tegund á Íslandi og þar af leiðandi hafi

ekki verið gefinn út reikningur vegna viðgerðarkostnaðar vegna umrædds tjóns. Hafi sáttatilraunir fyrir milligöngu samtakanna ekki borið neinn árangur.

Sóknaraðili telur að umkrafin fjárhæð sé ekki í samræmi við raunverulegt umfang tjónsins og eðlilegan viðgerðarkostnað. Krefst sóknaraðili þess að varnaraðila verði gert að endurgreiða honum þá greiðslu sem innt var af hendi, umfram eðlilegan viðgerðarkostnað að mati kærunevndarinnar.

IV

Lagaumhverfi

Varnaraðili starfar samkvæmt lögum nr. 65/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja. Í 6. mgr. 6. gr. laganna segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Þá segir í 7. mgr. 6. gr. laganna að ökutækjaleigu beri að tryggja að leigutaka séu ekki settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laganna skal gerður leigusamningur um leigu ökutækis. Í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra ökutækja segir að ökutækjaleiga skuli í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða í samræmi við 6. gr. laga nr. 65/2015. Í 3. mgr. ákvæðisins kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Nánar er mælt fyrir um gerð leigusamnings í reglugerð nr. 840/2015 um leigu skráningarskyldra bifreiða. Í 3. mgr. 8. gr. reglugerðarinnar kemur fram að ökutækjaleiga skuli gæta þess að leigutakar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og að leigutaka séu eigi settir ólögmætir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum.

V

Niðurstaða

Sóknaraðili tók á leigu bifreið af gerðinni [...], af varnaraðila frá 18. til 25. júní 2022 og greiddi 3.071 evrur fyrir leiguna. Á meðan leigutímanum stóð bakkaði sóknaraðili bifreiðinni á fyrirstöðu í miðbæ Reykjavíkur og olli með því tjóni á hægra horni afturstuðara hennar. Við skil á bifreiðinni krafðist varnaraðili greiðslu að fjárhæð 280.320 krónur og greiddi sóknaraðili þá kröfu þann sama dag. Í kvörtun sinni vísar sóknaraðili til þess að hann hafi ekki fengið tjónamat eða annað sem sýni fram á raunverulegan kostnað varnaraðila af viðgerð á bifreiðinni þrátt fyrir ítrekaðar óskir um það.

Í gögnum málsins er að finna afrit af bókunarstaðfestingu vegna leigunnar. Þar kemur fram að innifalið í leigugjaldinu sé svokölluð „CDW Basic“ trygging. Umsamin hámarksgreiðsla sóknaraðila vegna tjóns á bifreiðinni var samkvæmt henni 3.200 evrur.

Fjallað er um tjón á leigubifreið í skilmálum varnaraðila. Í grein 8.2 segir m.a. að „[i]n case of damages or breakdowns the customer should inform Camper Iceland ehf. at least 24h in advance to schedule a drop off....In all cases a damaged vehicle should be back at the rental station at least 4 hours before the flight. A member of the Garage Team will welcome you at our Garage. A solution to all issues should be found on spot to avoid long lasting communications through mail or phone. I necessary estimation from the garage with CAPAC certificate will be provided.“ Þá kemur eftirfarandi fram í grein 27 varðandi uppgjör á tjóni: „[d]amages are generally payable at the end of the rental....The renter is responsible to inform Camper Iceland

about any damages that have occurred to the vehicle. Camper Iceland may debit the renter's bank or credit card for the rental charge and other costs payable by the renter, such as payments in respect of damage to the vehicle while in the possession of the renter. The time and terms of payment shall be the sole discretion of Camper Iceland. This right shall remain unaffected for 6 months following the return of the vehicle to Camper Iceland. The cost of damages is determined by a price list available at all Campers Iceland locations. In case of major damages not covered by insurance, e.g. water damage, the cost will be estimated at an authorized garage....."

Til þess að krefjast skaðabóta frá sóknaraðila vegna tjónsins ber varnaraðila samkvæmt almennum reglum skaðabótaréttarins að sýna fram á fjárhagslegt tjón og raunverulegt umfang þess, vegna þeirra skemmda sem urðu á bifreiðinni.

Af gögnum máls verður ráðið að bifreiðin varð fyrir tjóni og að tjónið megi rekja til athafna sóknaraðila. Tjónið fólst í skemmdum á hægra horni afturstuðara bifreiðarinnar. Stendur þá eftir hvort ráða megi með vissu af gögnum málsins hvert var raunverulegt fjárhagslegt tjón varnaraðila vegna skemmda á bifreiðinni.

Við úrlausn þessa máls verður að hafa í huga að varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka hjá kæruneftndinni og hefur því hvorki komið á framfæri sjónarmiðum sínum né gögnum. Í málinu liggur því ekkert fyrir sem staðreynir raunverulegt fjárhagslegt tjón varnaraðila vegna viðgerðar á bifreiðinni. Ekki liggur fyrir hvort varnaraðili hafi fengið tjón sitt bætt frá váttryggingarfélagi sínu í heild eða að hluta, en slíkar upplýsingar eru nauðsynlegar til að meta hvort skaðabótaréttur hafi stofnast samkvæmt 1. mgr. 19. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Þá liggur ekkert fyrir um hvort viðgerð hafi sannanlega farið fram á bifreiðinni og að varnaraðili hafi greitt þann viðgerðarkostnað sem tilgreindur er í kvittun hans til sóknaraðila, dags. 25. júní 2023 eða hvaða fjárhæð, ef önnur en greint er frá í henni, hafi verið greidd af varnaraðila. Verður því ekki séð á hvaða grundvelli varnaraðili krafðist greiðslu að fjárhæð 280.320 krónur frá sóknaraðila. Samningur aðila, þar sem greint er frá almennri hámarksgreiðsluskyldu sóknaraðila vegna tjóns sem kann að verða á bifreiðinni af völdum sóknaraðila, hefur ekki áhrif á þá grundvallarskyldu varnaraðila að sýna fram á umfang þess fjárhagslega tjóns sem hann varð fyrir til þess að krefjast skaðabóta af þeim sökum.

Með hliðsjón af framangreindu verður að fallast á kröfu sóknaraðila að fullu. Ber varnaraðila að endurgreiða sóknaraðila 280.320 krónur.

VI

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, greiði sóknaraðila, X, 280.320 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Hildur Leifsdóttir

Jón Rúnar Pálsson